

Dagur eitt:



Miðvikudagur

DYGGDASTIG LOKA EÐA DSL:

-3000


Ég heiti Loki og ég er ás. Eða ég var ás fram á síðastliðinn þriðjudag. Nú er Óðinn búinn að senda mig til jarðar sem ellefu ára strák, sem er svo slæmt á svo marga vegu.

Í fyrsta lagi er þessi mannlegi líkami eitthvað svo máttlaus. Ég er kannski ekki sterkasti ásin, en núna líta fótleggirnir á mér út eins og eldspýtur og ég er með svipaðan styrk í efri hluta líkamans og lítill íkorni.



Æsir fæðast fullvaxnir, ég hef því aldrei verið barn, fyrr en núna. Augljóslega heldur Óðinn að ég hefði litið svona út sem barn! Þvílíkur dónaskapur!

FYRIR




EFTIR



Í öðru lagi eru það þessir þykjustu foreldrar mínir. Heimdallur (hann hatar mig), útvörður ásanna, og hrikaleg gýgur sem heitir Hyrrokkin (ég veit ekki hvort henni

HYRROKKIN




líkar við mig), eru hér og þykjast vera mamma mín og pabbi, á meðan við erum á jörðinni. Ég þarf að búa með þeim og hlýða þeim. Mér misbýður þessi niðurlæging. Ég er mörg þúsund ára gamall! Ég á ekki að þurfa að fara að sofa á ákveðnum tíma! Ég á ekki að þurfa að taka þátt í heimilisverkum! Ég ætti aldrei, ekki undir neinum kringumstæðum, að þurfa að brjóta saman nærfötin mín!

Í þriðja lagi verð ég að pola þór, ellefu ára, sem virðist skemmta sér best við að sitja á höfði mínu og prumpa. Ef til vill ætti mér að líða aðeins betur við þá tilhugsun að hann þarf líka að vera herna ... en það er erfitt að láta sér líða betur þegar verið er að prumpa á mann.

HEIMDALLUR



Ég heiti þór, guð þrumu-prumpsins



Á meðan ég er hér á jörðinni þarf ég að skrifa í þessa heimskulegu bók á hverjum degi í meira en mánuð til að sanna að ég sé að verða að betri manneskju og verðskuldi að búa í Ásgarði, hvað sem það þýðir.

Nú ertu örugglega að hugsa: „Loki, meðal ásanna ert þú þekktur sem algjör lygalaupur og hrekkjusvín ... getur þú ekki bara logið í bókinni og sagt að þú hafir verið virkilega, virkilega þægur allan mánuðinn?“

Því miður sér Óðinn við því, hann er svo klár. Þetta er nefnilega svona töfradagbók. Ef ég lýg í bókinni leiðréttir hún mig. Segjum að ég skrifi...

ÉG ER STERKASTUR ALLRA ÁSA

Leiðrétting: nei, Óðinn er sterkastur. Þú ert lítill ormur og einu ofurkraftar þínir eru getan til að breyta um form og klækjabrögð.

... fæ ég svona dónaleg skilaboð.

Ég get því valið að vera mínum glimrandi innra manni trúr og ljúga og fá skammir frá þessari ósýnilegu rödd eða sagt leiðinlegan, raunverulegan og oftast verulega óspennandi sannleikann.

Leiðrétting: ég er ekki bara einhver ósýnileg rödd. Ég er eftirlíking af rödd sjálfs Óðins og allri visku hans.


Ef þú ert svona klár, hvaða tölu er ég að hugsa um?


Þú ert ekki að hugsa um tölu. Þú ert að hugsa: Óðinn lyktar illa.

Ó. Allt í lagi þá, ég verð víst að segja satt á þessum síðum. Einu sinni verður allt fyrst.


Ógæfa mín byrjaði þegar ég lék aðeins á ásynjuna Sif með síða ljósa hárið, vopnaður skærum þegar hún fékk sér lúr á óheppilegum tíma. Þú þarft ekki öll smáatriðin, segjum bara að enginn í Ásgarði kunni að meta smá grín. Eða ókeypis klippingu.

Ég vissi ekki fyrr en ég var hlekkjaður niður, sviptur guðlegum ofurkröftum mínum og var lokaður í dýflissu meðan Óðinn velti fyrir sér hvernig hann ætlaði að refsa mér.





Og nú er ég hingað kominn, eftir að hafa verið skóflað út úr dýflissunni á ruddafenginn hátt, blindaður af sólinni í Ásgarði. Óðinn henti þessari bók í mig og rak mig út úr Ásgarði, niður regnbogabrúna Bifröst og í Miðgarð – eða eins og þið bændur segið: jörðina.



Um leið og ég féll niður breyttist ég í þetta hjákátlega form. Ég lenti ofan í polli. Stuttu seinna lenti þór ofan á mér. Jafnvel sem mennskur drengur er hann ekki léttur. Þar að auki hélt hann utan um uppáhalds hamarinn sinn, sem gerði hann ennþá þyngri. Ég er núna með helling af djúpfjólubláum marblettum.

Ég drattaðist á fætur og leit í kringum mig. Ég var á ömurlegum gráum stað fullum af fólki. Enginn tók eftir mér. Það var þá sem ég áttaði mig á því að ég var búinn að breyta um form. Ég er nefnilega svo hrikalega fallegur að venjulega stara allir á mig.



Leiðrétting: þú ert svona í meðallagi fagur af guði að vera og ástæða þess að allir stara á þig í Ásgarði er að þeir eru að passa sig á að þú gerir þeim ekki grikk. !


Sagði ég þér að ég POLI EKKI sannleikann? Hann er ljótur og nakinn, eins og þessar hárlausu moldvörpurottur sem líta út eins og bleik sniglaafkvæmi sem hafa verið að naga grjót.



Þegar Heimdallur og Hyrrokkin komu litu þau eiginlega alveg eins út og þau venjulega gera, nema Hyrrokkin var helmingi lægri en hún er og Heimdallur var ekki með sína guðlegu útgeislun.

Þau voru klædd í hallærisleg mannaftöt. Í stað þess að klæðast dýrahúðum og fjölda hálsfesta og armbanda leit Hyrrokkin út eins og hún væri á leiðinni á fund hjá Leiðindasamtökunum. Hún var líka fótgangandi. Oftast ferðast hún á baki úlfs með snáka sem beisli.

Í stað skínandi herklæða Heimdallar og magnaðra vopna var hann nú klæddur innifötum og inniskóm. Þau fóru með mig í eitthvert hreysi þar sem við áttum að búa sem venjuleg fjölskylda, nema bara við vorum það ekki.




Leidréttir: húsið er raunar mjög gott á mælikvarða mannfólks. Þar er hraðvirkur ljósleiðari og góð sturta. Teikningarnar hér fyrir ofan eru í besta falli mjög ónákvæmar ef ekki lygi, tæknilega séð.

Hvað um það, við skulum snúa okkur að þessum nýja og hryllilega veruleika mínum. Í einu af litlu og alveg glötuðu herbergjum þessa húss létu Hyrrokkin og Heimdallur mig setjast og lögðu mér síðan lífsreglurnar.



! **Leiðrétting:** Hyrrokkin ógnaði þér ekki með úlfnum sínum.

Það mátti samt skilja hana þannig. Þetta er allt svo fáránlegt. Hyrrokkin og Heimdalli er ekki treystandi til að segja Óðni satt um framfarir mínar. Þau hata mig



! **Leiðrétting:** Heimdallur hatar þig, Hyrrokkin er ekki viss um þig og þau munu ekki láta Óðin vita hvernig þér gengur. Ég, dagbókin, met það.

Hvernig væri í stað þess að grípa dónalega fram í fyrir mér að þú gæfir mér örstutt yfirlit?



! **Gott og vel!**

- **Loki, þú verður að sýna fram á að þér hafi farið fram og framförin er mæld í dyggðastigum. Þú byrjaðir í -3000 stigum. Markmið þitt er að ná +3000.**
- **Stigin verða mæld af bók (mér) sem hefur alla visku Óðins, þar með talda mikilvægar upplýsingar um 21. öldina.**
- **Hyrrokkin og Heimdallur hafa eftirlit með þér í gervi foreldra.**
- **Þór, sem er þykjustubróðir þinn, fer með þér á staði í mannheimum sem foreldrar fara ekki á, eins og í skólann.**
- **Þú mátt ekki sýna mannfólkinu guðlega ofurkrafta þína. Ef þú gerir það verður þér samstundis refsað og refsingin verður eilíf.**
- **Ef mannfólkið upplifir einhvers konar hamfarir meðan þú ert í Miðgarði verður þér samstundis refsað.**

Bíddu nú aðeins. Á það að vera mér
að kenna ef *eitthvað* í ætt við hamfarir
eða svoleiðis gerist meðan ég er á jörðinni?
Ef loftsteinn lendir á henni? Eða ef það brýst út
kjarnorkustyrjöld? Eða engisprettufaraldur?



! Rétt.


BETTA ER SVO ÓSANNGJARNT!

! Í neyðartilfalli þarftu bara að segja orðin „Hei,
Óðinn“ og Alfaðirinn mun svara þér.

Ég er alltof stórfenglegur til þess að það megi koma
svona fram við mig! Ég er Loki, klárasti og sniðugasti
hrekkiálómurinn! Ég neita að eyða mánuði í að gera
leiðinleg og heiðarleg verk. Ég skrifa ekki meira í þessa
dagbók! Þú ræður ekki yfir mér!



Hei, Óðinn! Heyrðirðu í mér? Ég ætla
ekki að vera með í þessum leik þínum!
Komdu og náðu í mig!




Í ljós kemur að Óðinn RÆÐUR yfir mér og ég verð áfram að skrá öll góðverkin sem ég geri í þessa bók, annars ... Þótt það sé algjör kvöl að halda áfram við skriftirnar skal ég segja þér hvað gerðist næst...

„Þú hafnaðir þroskaleit þinni,” sagði Óðinn. „Hér eru afleiðingarnar. Þetta er Vígtönn, nýi versti óvinur þinn.”

„Enga fljótfærni,” sagði ég og tók skref aftur á bak til að lenda ekki í eitrinu sem lak út úr snáknum. „Eigum við ekki að tala um þetta eins og fullorðin fólk? Eða eins og fullorðinn maður við fullorðinn mann sem er í líki barns?”

Óðinn bandaði hendinni frá sér á leikrænan hátt, eins og hann væri að reka óþekkan hund í burtu. „Þú ert augljóslega of latur til þess að vera góður þó ekki sé nema í einn mánuð. Vertu velkominn í eilífa hvíld. Í herbergi þar sem loftið er þrungið lykt af rotnandi fiski og hlandfýlu, og lagið sem þér finnst mest óþolandi er spilað í sífellu. Sif hefur lofað að koma reglulega og klippa á þér hárið og skilja eftir þessi pirrandi hár aftan á hnakkanum sem aldrei nást. Og Þór ætlar að ...”



„Nei, Alfaðir, gerðu það, ekki ...” grátbað ég hann. „Ég skal gera hvað sem er. Gerðu það, ekki láta mig vera hér.” Það fór hrollur um mig allan. Ég hafði enga löngun til að heyra hvernig Þór ætlaði að pynta mig.

Svo var þessi snákur sem skreið fyrir ofan mig, fram og til baka, og út úr honum lak eitir.

Óðinn saug upp í nefið. „Ég held að þú getir þetta ekki, þú ert of veikgeðja.”

Þetta var sárt. „Ég er það EKKI! Ég er Loki! Ég er goð! Ég get gert hvað sem ER!”

Óðinn horfði á mig lengi vel en sagði ekkert.

Ég hélt niðri í mér andanum – og ekki bara vegna hræðilegrar lyktarinnar.


„Áskorun þín stendur. Einn mánuður til að sanna að þú verðskuldir að búa í Ásgarði. Hvorki meira né minna. Ef þér mistekst ...” Hann hristi höfuðið og benti á snákinn sem hvæsti. Ég held að snákurinn hafi blikkað mig.

Og svo, án þess að meira væri sagt, var ég allt í einu kominn aftur í ljóta, litla herbergið, liggjandi á óþægilegu rúminu og tárin voru að þorna á andlitinu.

Það lítur því allt út fyrir það að Óðinn lesi þessa dagbók í lok mánaðarins og ákveði örlög mín. Sný ég aftur heim, eða verð ég dæmdur í eilífar pyntingar?

**DON-DON
DONNNNNNNN!**
leikræn tónlist

Þetta á eftir að verða laaaaaaaangur mánuður



EINN BÚINN
1,000,000,000
EFTIR
(EÐA MÉR LÍÐUR
ÞANNIG)

Dagur tvö:

Fimmtudagur



DYGGÐASTIG LOKA EÐA DSL:

-3050

50 stigum bætt við fyrir að vilja
hætta áður en þú byrjar.

Ha?
Hvernig
dirtistú!



Ég svaf illa í ójöfnu mannfólksrúminu. Hvar eru koddarnir mínir úr dúfnafjöðrunum og æðardúns-sægin mín sem er innan í litlum, mjúkum skýjum? Þú getur sagt hvað sem þú vilt um Ásgarð (ég geri það oft sjálfur) en rúmfötin þar eru engu lík.

Dagurinn varð ekkert skárri. Í stað venjulegs



morgunverðar, sem er hunang og önnur guðafæða og steikt kjöt, neyddist ég til að sitja við hliðina á Þór við pínulítið borð og boðinn ömurlegur pakki sem á stóð: HEILHVEITIS BLAND Í POKA.